

Samtök eigenda sjávarjarða  
Alþingi Pósthólf 90  
Erindi nr. P 127/1424 780 Höfn  
komudagur 22. 3. 2002

Nefndasvið Alþingis  
Sjávarútvegsnefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

21. mars 2002

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál.**

Samtök eigenda sjávarjarða hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál. Stjórn Samtakanna hefur skoðað frumvarpið og bendir á eftirfarandi.

Samtök eigenda sjávarjarða og Bændasamtök Íslands hafa ítrekað komið þeirri kröfu sinni á framfæri að útræðisréttur strandjarða verði virtur á ný og staðfestur í fiskveiðilögum. Frumvarpið tekur ekkert á þessu atriði. Við óskum því eftir að inn í frumvarpið komi eftirfarandi ákvæði:

*Virtur og viðurkenndur er einkaréttur sjávarjarða (eigenda/ábúenda) til veiða innan netlaga svo og réttur þeirra til fiskveiða á nálægum og hefðbundnum fiskimiðum. Reglugerð kveði á um magn veiða og hvaða reglum þær skuli háðar.*

Vart þarf að minna á að svæðið innan netlaga er hluti af viðkomandi jörð og því einkaeign jarðareiganda. Svæðið innan netlaga er hluti af sjávarauðlindinni í heild og mikilvægt uppeldissvæði margra fiskistofna. Lífríkið og sjórinn innan og utan netlaga er ein hreyfanleg heild sem gefur sjávarjörðum sérstakan rétt til fiskveiða utan netlaga, auk þess sem jafna má réttinum til fiskveiða utan netlaga við afréttarréttindi til landsins.


Til þess að vinna ofangreinda reglugerð leggjum við til að skipaður verði starfshópur sem hafi eftirfarandi hlutverk. Að ákvarða hvaða jarðir eigi að njóta útræðisréttarins, að móta þær leiðir og leikreglur sem slíkar veiðar mundu fara eftir og ákvarða hver verði hlutdeild sjávarjarða í heildar fiskveiðum á kvótabundnum tegundum. Við gerum það að tillögu okkar að starfshópurinn verði skipaður einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila; sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum eigenda sjávarjarða, Byggðastofnun eða iðnaðarráðuneyti, Landsambandi smábátaeigenda og Bændasamtökum Íslands.

Í athugasemdum sem fylgja lagafrumvarpinu er greint frá nk.verklýsingu til nefndar þeirrar sem falið var að endurskoða fiskveiðistjórnarlögin. Þar kemur fram að markmið breytinganna er m.a að ná sátt um fiskveiðistjórnarkerfið og taka tillit til hagsmuna byggða og almennings í landinu.

Við bendum á, að um frumvarp þetta eru nú þegar umtalsverðar deilur og ljóst er að það tekur aðeins að litlu leyti tillit til ofangreindra markmiða. Við látum hins vegar nægja að benda á útræðisrétt sjávarjarða, viðurkenningu á honum þarf nauðsynlega að koma inn í frumvarp um stjórn fiskveiða.

Þá förum við þess vinsamlegast á leit við Sjávarútvegsnefnd Alþingis að stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða fái tækifæri til þess að hitta nefndina og skýra sín sjónarmið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka eigenda sjávarjarða

  
Ómar Antonsson, formaður

Meðfylgjandi er:  
Álitsgerð Más Péturssonar  
um útræðisrétt jarða.